

Fálkasetur Íslands

2. fundur stjórnar 20. maí 2011 kl. 17 í Þekkingarsetri Þingeyinga.

Mættir: Aðalsteinn, Sverrir, Hjörleifur, Halldór, Ari Páll, Ólafur Nielsen og sem gestur norskur félagi Ólafs, Kenneth Johansen.

Hjörleifur formaður setti fund og óskaði eftir því að listi með stofnfélögum verði sendur til félaga eftir 1. júní ásamt stuttu fréttabréfi. Nokkrir nýir stofnfélagar hafa bæst við frá fyrri fundi.

Styrkbeiðni félagsins til sjóðs Pálma Jónssonar var hafnað að þessu sinn. Ákveðið að senda umsókn um styrk í Menningarsjóð KEA í haust og var Sverri falið að undirbúa umsóknina. Hjörleifi falið að sækja um kr. 200.000 frá SUNN. Sverri tók að sér að athuga um möguleika á styrk sem úthlutað er til frjálsra félagsamtaka frá Umhverfissráðuneytinu. Ara Páli og Hjörleifi falið að ræða styrkbeiðni við forsvarsmenn hvalaskoðunarfyrtækja á Húsavík. Ari Páll ætlar að athuga möguleika á styrk frá Menningarsjóði Eyþings og Aðalsteinn um styrk frá aðstandendum Jökulsárhlaups. Vinir Vatnajökuls úthluta styrkjum í haust og bindum við vonir við úthlutun þaðan.

Ólafur Nielsen sagði frá hópnum manna sem stundar erfðafræðilegar rannsóknir á fálkum á Norðurlöndum. Stakk upp á því að Fálkasetur Íslands sækti um styrk frá ráðherranefnd Norðurlandaráðs til að halda ráðstefnu á Íslandi fyrir valinn hóp manna sem stundar þessar rannsóknir. Ólafi falið í samvinnu við Aðalstein að vinna að þessu máli.

Ólafur taldi rjúpnastofninn á niðurleið og ræddi áhugaverðar tilgátur og rannsóknarniðurstöður hvað varðar sveiflur í stofnstærð.

Stefnt að næsta stjórnarfundi í september.

Fleira ekki gert og fundi slitið.

Halldór Valdimarsson ritari.